

# HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

10. blað.

## ÚTI.

Þegar sólin heitum hellir  
haddi nið'r um fell og grundir,  
fuglar syngja, en ljósar lindur  
leika' á silfurstrengi undir-

Sumri hallar, sólrás lækkar,  
svipir fjölgja, skuggar lengjast,  
stjörnur, tungl og hrímgáð  
hauður  
huldum vinaböndum tengjast.

Út eg stekk með sól í sinni,  
syng með fuglum, renn með  
lindum,  
æskudrauma sæðiái,  
safna' á vonarakri bindum.

Svalur gustur hlær við hlustir,  
hans í bylgjum mig eg lauga,-  
en í rökkurbrigðum berst mér  
bros frá hýru stjörnu auga.

Aldrei dýrri átti' eg drauma,  
aldrei styttri leið til skýja.  
Aldrei fannst mér fegra lífið,-  
fegri vonarstjarnan nýja.

VÍÐAR.



## Frjálslyndur kristinndómur.

Prédikun flutt í íslenzku Unitara-kyrkjunni í Winnipeg, haustið 1906, af  
**Síra Lewis G. Wilson,**  
skrifara Ameriska Unitarafélagsins í Boston, Mass.

Fyrr en vér fórum að athuga framför frjálslyndrar kristinnar trúar sem áreiðanlegann hlut, mun hver meðal skyni gæddur maður biðja oss um einhverja sönnun fyrir því að trúarbrögðin sjálf hljóti að eiga nokkra framtíð fyrir höndum. Vér vitum að samdar eru fjölmargar bækur, óteljandi ritgjörðir og fyrilestrar, til að sýna fram á að trúarbrögðin sjálf séu lítið meir en eftirstöðvar hjátrúar og hleypidéma fornaldarinnar. Ef aftur á móti trúarbrögðin sjálf eru samfara mannlegu eðli, í þeim sama skilningi og minnið, meðvitundin og ígrundanin; ef þau verða að vera til, eins og lungun, hjartað og heilinn í líkamanum, svo líkaminn geti verið til, þá getum vér íhugað einhverja vissa þýðingu þeirra, eins og útleggingu hins frjálslynda kristindóms á þeim.

Hið allra vanalegasta yfirlit yfir trúarbrögðin er frá tveimur gagnstæðum hliðum. Stór meiri hluti kristinna manna, svo kallaðra, skoða trúarbrögðin eins og eitthvað er algjörlega liggi fyrir utan mannlegt eðli og mannleg tilvera sé í eðli sínu þeim móthverf. Og maðurinn öðlast þau með ýmsum ytri athöfnunum eins og síðum seremoníum, sakramentum og trúarjátningum. Tökum til d. Kaþólsku kyrkjuna. Kenning hennar er, að sér hafi verið fengin trúin til varðveislu og á ýmsan yfirnáttúrleg ann hátt útbýti hún henni til einstaklinganna gegn um presta sína og embættlinga. Maðurinn er liggur fyrir dauðans dyrum, getur sent eftir prestinum sínum og hann veitir honum sakramenti er tryggir honum allar náðar og helgunar gjafir.

Stórum hluta Prótestanta er kent það, að trúin sé *eitt hvarð* er þeir verði að „*öðlast*.“ Rannsóknir meðal fávísra svertingja í Suður-ríkjum hafa sýnt að þeir skoða trúna líkamlegs eðlis, til dæmis, ef meðan á „*afturhvarfs-bænasamkomum*“ stendur, einhver kennir einhverra undarlegra tilfinninga, eins og setji að

honum hroll, eða falli yfir hann magnleysi eða grípi hann æstur taugatitringur, hrópar hann upp að hann hafi „öðlast trú.“ Samskonar skoðun á trú, er alment innan allra Evangelisk-Orþodoxra kyrkna. Trúin er varningur er menn verða að eignast, óskyldur mannlegu eðli, trygging gegn öllum mannlegum meinum, syndar, vanþekkingar og þjáningar.

Aftur á móti frá hinni bliðinni eru trúarbrögðin skoðuð sem eiginleggleiki mannlegs meðvitundarlífs, og er það undantekningarlaust skoðun frjálstrúar manna. Trúin er sérskilinn kraftur meðfæddur mannlegu lífi, alls ekki utan að komandi, en líkur öðrum eiginleggleikum mansins tilheyrandi, lífsheildinni sjálfri, og má æfa hann og göfga, beina honum og brúka hann í allri mannlegri starfsemi, eins og hægt er að beina og stjórna hverju öðru virkilegu afli. Hún er auk heldur sá æðsti kraftur mannlegrar tilveru, er vér þekkjum, því hún ræður að miklu leyti eðli og tilgangi allra mannlegra gjörða. Þessi skoðun hefir fengið vald yfir flestum hugsandi mönnum, sérstaklega nú á síðari árum, síðan framþróunar kenningin varð kunn. Strax og mannlegur hugur sékk sjálfss-meðvitund fékk hann meðvitund um það, sem ytra bjó og ekki var hann sjálfur. Og er tímar liðu, fann hann að innra bjó örliði brot þess eilísa skilnings á réttu og röngu, er stjórnaði og leiðbeindi hugsunum hans. Og eftir því sem óx reynsla mannkynsins, óx einnig tilfinningin fyrir leyndardómi lífsins, unz mannssálin smáa fann sig knúða, að öðru leytinu, til að laga sig eftir ytri kringumstæðum, og að hinu leytinu eftir hinni ævarandi meðvitund um tilveru guðs. Og frá þessum orsökum hefir þroskast hin mikla undursmíð vorrar andlegu tilveru, unz nú, að vér finnum að trúin hefir öðlast þann kraft og það innra vald, er mannkynið sjálfst getur ekki umflúið þótt það svo gjarnan vildi.

Þetta er almennasta skoðanin um eðli trúarbragðanna, meðal frjálstrúarmanna nú. Og láta þeir sig það mestu varða, að öllu afli andlega lífsins sé viturlega stjórnað og beitt í þarfir mannlegra fransfara. Ef nokkuð á að geta haft varanlegt gildi má það ekki vera gagnstríðandi samvizku manna, það verður að vera eilíflega satt, trúarlegs eðlis! Sé þessu afli ekki stjórñ-

að af allri þeirri þekkingu, sem vér höfum öðlast, allri þeirri varfærnu vísindalegu reynzlu, er skýrir lífsgátuna, verðum vér að láta það letjast og hverfa, ella leiðir það mannkynið út í öfgar, er gjörir það hlægilegt í sínum eigin augum. Eiðs og átt hefr sér stað áður, svo er enn, þar sem því er ekki skynsamlega stjórnað, umbreytir það heilum kynslóðum, í æpandi trúða, andsjúka iðrendur, Skekkla og ofsta kisfulla vardlataða af öllum tegundum, og átrúendur á þá skoðun á mannlegu lífi bædi þessa heims og annars, er ofsbýður öllu heilbrigðu viti, og sárir og svívirðir hverja ærlega og eðlilega tilfinningu. Á sama hátt og rafurmagni, verðum vér að beita því skynsamlega og stjórná því, eða bíða tjón af. Þekking vor typt og þrautreynd, stendur augliti til auglitis við frumafl það, er gjört getur líf vort að lífi. Verðkaup lífsins er iðni og fullkomnun, í trú eins og öllum öðrum hlutum. Og ef vér ætlum trúnni, um komandi tíð, að halda áfram að vera aðal ljós alls vors útsýnis, verður það skylda vor, að útleggja hana sem skýrast og skynsamlegast, og fága hana og fullkomna, eftir því sem þarfir mannfélagsins aukast og margfaldast. Vér getum ekki treyst eingöngu á erfðar lífsskoðanir, —eytt bæði höfuðstól og vöxtum, án þess að verða andlega gjaldþrota. Það er skylda vor, að útfæra svo hinrar andlegu hreyfingar er hingað til hafa upplýst og uppörfað þessa veröld að þær haldi áfram að fullnægja kröfum sívaxandi mannheima.

Það hefir margsinnis verið sagt, að kyrkjuleysingum og öðrum, er enn að nafninu til eru meðlimir kristinnar kyrkju, finnist ekki trúarbrögðin yfir það heila tekið, né kristindómurinn sém einstaklingstrú hafi nokra sérstaka þýðingu til að bera. Mörgu góðu fólk fannst öll höfuðatriði trúarlífsins vera í þoku og bundin ákaflegri óvissu. Af því það hefir ekki gjört sér grein fyrir því, að trúin er afl innan mannlegrar tilveru, á sama hátt og rafurmagnið er kraftur hins ytra heims, finnst því hún vera tilbúningur einn og draumórar, er hvorki snerti röð né rás viðburðanna— samsafn fáránlegra hugmynda um guðlega veru, annað líf, og frelsun frá— enginn veit eiginlega hverju. En þetta kemur til af því, að almenna skoðunin á merkingu trúarinnar er orðin á eftir, hefir ekki vaxið samhliða dómgreind og

skilningi manna. Nútíðarhugsjónir manna krefjast þeirriar tilleggingar á lífinu, er dragi fram skydleika þess við þessa jörd og alt, sem á henni er, í stað smáhéraðs á yfirboindi hennar, og reikistjörnurnar, sólkerfin, alheiminn, en í þess stað býður orthodox kristindómur mönnum þær lífsskoðanir, er til urðu á fyrstu öldum tímatal sors, þegar allir héldu að jördin væri flöt og himininn úr gleri.

Sem Unitarar reynum vér sífelt að breikka sjóndeildaíhring trúarinnar, eftir því sem líf vort næri æðri sjónarhæðum, að saman hlutfalli og þekking vor eykst á þessum heimi, er vér búum í. Vér trúum á ýms ævarandi sannleiksatriði, er vér megin halda oss við og byggja á, án alls ótta, að nokkur umbreyting eða opinberun fái þeim nokkru sinni kollvarpað. Til dæmis, vér trúum á Stærðfræðina. Vér viðurkennum nytsemi stærðfræðinnar, og vér trúum, að sem vísindagrein byggist hún á óyggjandi sannleika, sannleika, er skynsemi mannsins þarf engar æðri sannanir á. Vér vitum að Euklid kunngjörði sumar höfuðreglur stærðfræðinnar. En Euklid bjó ekki þær reglur til, svo vér trúum þeim ekki að eins vegna Euklids. Hann fann lögmál stærðfræðinnar hér í heimi, og vér trúum á það lögmál vegna þess, að mannleg skynsemi væri ekki sjálfri sér samkvæm, ef hún hafnaði því. „Þeir hlutir, sem jafnir eru að ummáli, eru jafnir að stærð,” og allar hinrar meginreglurnar, eru alfullkomin og óyggjandi sannindi, og hver sem neitar þeim, ber með sér, að hann er ekki heilbrigður á viti, og er alls ófær til allrar andlegrar áreynslu.

Sama má segja um Söngfræðina. Þar er áttunda skiftingin, er ekki verður komist upp syrir, ekki umflúin, ekki ónýtt. Á henni byggist öll sönn söngfræði, og á lögmáli hreims og hljóðfalls. Þess utan er ekkert til nema hjáræmi og háreysti. En ekki trúum vér á söngfræðina vegna Haydn's eða Bach's eða nokkurs annars manns, er kunngjört hefr þau eilíf-sönnu lög, er öll hljómfraði byggist á. En vér trúum á þessi lög, vegna þess að eðli vorrar eigin tilveru knýr oss til þess. Mannlegt eyra og mannleg skynsemi heimtar, að þeim sé hlýtt, og ósannindi hjáræminnar er þeim með öllu óbærileg.

Sama er með Efsnafræði. Efsnafræðin byggir á að til séu sérstök frumefni er ekki verði framar sundurgreind. Og þessi frumefni undir vissum skilyrðum, samlaga sig með þeim hraða og hárvissu er aldrei fær brugðist, hlýðandi æ og ætíð eilifum óumbreytanlegum lögum. Væri það annan veg, væri öll skilyrði mannlegs lífs horfin. Nú trúum vér ekki á þessi undursamlegum lög Efsnafræðinnar, eingöngu vegna vísindamannanna góðrægum er fyrstir uppgötvuðu þau. Súrefnið (*oxygen*) var til í loftinu, og á því byggðist lífsviðhaldið á jörðunni, löngu áður en Dr. Priestley fann það. *Klórin, Potassium, Sodium og Magnesium*, voru hér í heimi áður en Sir Humphrey Davy uppgötvaði þau. Og öll kunn og ókunn efni verkuðu hvert á annað, breyttust, sameinuðust og sundurleystust eftir ófrávíkjanlegum staðsfræðislegum hlutföllum, löngu áður en efsnafræðisvísindi urðu til. Vér trúum á þessi lög, vegna þess vort eigið líf hvílir á tilverum þeirra. Þau hafa verið til frá upphafi veraldar.

Algjörlega að sama skapi, hlýtur afstaða Unitarisku kirkjunnar að verða í framtíðinni ganvart öðrum kyrkjudeildum kristninnar. Vér viðurkennum að til séu sérstök grundvallarlög, er andlegt líf og síðferðisleg ráðstöfun hlýtur að styðjast við. Og vestur hluta veraldar, hefir Móses tilkynt sum þeirra, Esajas kunngjört sum þeirra, Mikka að minsta kosti eitt þeirra og Jesús, Páll og Jakob og fleiri hafa framsett þau í einföldum og áhrifamiklum orðum. Mörg þeirra eru nú komin svo inn í mannlega vitund, að þau þurfa engra sannana með lengur. Nokkur eru tæplega hálfskilin enn, og sum samsinnir skilningurinn, en sumum er afneitað og sum eru fyrirlitin með daglegri hegðan manna. Þau tíu jákvæðu lagabóð mannlegrar giftu, sem falin eru í þeim tíu neikvæðu setningum er alment eru nefnd „Boðorðin“, inngangsgreinar Fjallræðunnar, Reglan gullna og Kærleikslögþálið, skoðum vér, að svo miklu leyti sem velferð voru hér í þessum heimi áhrærir, algjörlega óbrigðult, ekki eingöngu í kyrkjulegum og guðfræðislegum skilningi, heldur í öllum skilningi. Skilningur manna hefir þroskast á vissann slíks lögmáls. Enda er það jafn óumhverfanlegt og þyngdar-

lögmið, aðdráttaraflið, lögmal hita eða jafnvægis. Æd stríða móti því er jafn hættulegt velferð manna eins og það er árangurslaust að berjast á móti esnabreytingum náttúrunnar.

En vér frjálstrúarmenn trúum ekki á þetta lögmal vegna Mósesar né Mikka né Páls né Jesú. Ekki sköpuðu þeir það-heldur opinberuðu og tilkyntu það. Vér trúum á það alveg af sömu ástæðum og vér trúum á þyngdarlögmalíð, — því hvenær og að sama skapi, sem vér brjótum þess boð, föllum vér, síðferðislega og andlega, og vér verðum að bæta eða bera yfirsjón vora og heimsku, eins vissulega og þó vér hefðum beinbrotnað eða mist sjónina.

En auðsætt er, að þessu væri ekki þannig varið, væri trúin ekkert annað en venja, undirgefni við mann eða mannlega veru, sakramenti eða játningar, lögboðið kyrkjuvald eða sáluhjálpar útyegur og þessh. Lögmal þetta er eldra en skynjun mannsins, á undan öllum jarðneskum valdstéttum, ofar en nokkur dómistóll, er nokkru sinni hefir reynt að setja skeiður mannlegum hugsunum og andlegu lífi. Menn geta verið trúáðir, göfugir, heilbrigðir, fullkomínir, án sermonía, trúarjátninga, án kyrkna jafnvel. En þeir geta ekki komist til fulls manndóms, ef þeir ekki hlýða þessu grundvallar lögmalí. Þjóðsfélög, er fótum troða það, ganga til baka, heimilum, er ekki hitða um það, hnignar, og einstaklingar, er forsmá það, afmannað.

Aftur, ef vér Unitarar skyldum finna, að bodorðið „Þú skalt ekki stela“ væri rangt, eða það yrði nægilega sannað, að guð væri ekki andi, og hann ætti ekki að vera tilbedinn í anda og sannleika, eða það skyldi reynast í alla staði öfugt að „gjöra öðrum það er vér vildum að aðrir gjörðu oss,“ eða yrði það sannað, að nokkurt annað meginatriði þessa lögmáls væri óareiðanlegt og ósatt, þá er ekkert til í trúar sáttmála vorum, er varnaði oss að kasta því fyrir bord einu og öllu.

Með því að Unitarisk trú byggir á þessu lögmalí, er eins er ófrávíkjanlegt og eðlislögmal jarðar, er framtíð hennar syrirfram ákvörðuð. Hún heldur áfram sem dagleg opinberun,— opinberun sannleika. Það er alls ekki tilgangslaust að útmála yfirsjónir, ósannindi og hjátrú svo viðurstygglega að menn forðist

það, en köllun vor er æðri en það, að gjöra virðingu og sameleika svo dýrðlegt að menn fylgi því glaðir. Það er að dái að vert að menn skuli leita sannana, er fullnagi skilningi þeirra, fyrir tilveru guðs, en það er enn aðdáunarlegra ef vár reynum að örfa og styrkja alla vora göfugustu eigingleika, er veita oss að lita guðlegu lífi, því það í sjálfu sér er sú fullkomnasta sönnun, er enn þekkist til að sannfæra menn um virkileika þess guðdómlega. Það er ekki svo mjög hlutverk trúarinnar, að segja mönnum hvað sé rétt, því það er síðfræðinnar, eins og það, að vekja hjá mönnum löngun til að gjöra það, sem þeir allareiðu vita að er rétt,— að elска réttlætið, eins og þeir elsku loftið og ljósið. Það er ekki heldur hlutverk hennar, að stjórna ýmsum tilgátu tilraunum, er hjálpa til að sannfæra menn, að til sé eilíft líf, heldur að sýna mannlífið í því ljósi— eins og til dæmis Jesús —að það yrði að lýti og lesti á tilhögun tilverunar, væri það nokkuð minna en eilíft.

En að hvaða tilgangi verkar svo þetta lögmál? Að hverju miðar það? Því getum vér ekki verið jafn óháð því og trúarlegum kreddum og seremoníum, og lifað eftir því, sem lystinbiður, án þess að taka það til greina? Hver sé ítrastur tilgangur mannlegs lífs er enginn kominn til að segja. En hver nákominn tilgangur þess er, fáum vér flest skilið, og það er að því er hver trúarskoðun ætti að beinast, sé hún verðug að heita því nafni. Í ríki náttúrunnar myndast krystall, og eðlislögmálið gjörir hann svo fullkominn, að undir beztu sjónankum er ekki hægt að finna þar brest eða missmíði. Öll þau eðlislög, er eg hefi nefnt, verka í sömu átt að segurð og fullkomnun. Nú vitum vér, að frá ómunatíð er innofin mannlegu eðli þrá til fullkombleikans. Eftir því stynur og andvarpar öll tilvera mannsins. Drummond segir oss, að öll tilveran hrópi eftir því sama, en aðeins hjá manninum sé sú löngun ákveðin og afsér-vitandi. „Verið þess vegna fullkomin eins og faðir yðar á himnum er fullkominn“, er aðeins spádóms orð, bráðabyrgðar-setning um framþróunar lögmálið. Að hungra og þyrsta eftir réttlætinu, er vottur andlegrar heilbrigði, eins og vanalegt hungur og þorsti er vottur líkamlegs heilbrigðis. Petta hungur og

þessi þorsti eftir réttlætinu--- réttri skynjun, sannri dómgreind, sönnum verkum, sannri tilbeïðslu, er öll ver æfileið gengur út á, má aldrei ná varanlegri fullnægingu. Það er að segja vér verðum að gæta þess, að útskýringu og fullnaðar þýðingu kristindómsins skuli aldrei verða skorður settar, af nokkurri bók, nokkurri játningu, nokkru klérkavaldi, nokkru trúarlegu sakramenti eða seremoníu, er fullnægja þykist eðlilegu hungri og þorsta mannssálarinnar eftir því aðra og enn aðra. Endileg fullnæging hungurs og þorsta, í þeim skilningi, þýðir dauða, og ekkert neima dauða. Sé það frelsunin, að oss finnist vér ekki framar getum drýgt synd, að vér höfum svo fullkomnast að vér þurfum einskis framar að leita, er gjört geti líf vort fullkomnara og betra, þá þurfum vér að frelsast frá þeirri *sáluhjálp*. Því þá er samband vort við lífstilveruna slitið, andlegur þroski snúinn í afturför, og þráin eftir fullkomnum horfin. Eftir því sem líf mannsins er fullkomnara eftir því er enn meira hungrið og þorstinn eftir því, er eilíflega getur gjört það víðtækara og meira. Hve bjart hið tilkomanda, þeim er horfir fram á leið, efalaus, til eilístra upprennandi sólna, er færa nýjan dag og nýtt erviði! Það er þess vegna að framtíðar braut skoðana vorra verður að vera braut daglegra opinberana, eins og Únítara trúin hefir verið í liðinni tíð, vegna víðsýnis sinna ágætismanna, er henni hafa fylgt. Enda er lífið sjálft tæpast annað en það. Sálir manna hafa hvetjandi áhrif hver á aðra. Sá, til dæmis, er með lífi sínu uppfyllir einhverja háleita bugsjón, vekur hjá öðrum samskonar löngun til að lifa. Persóna ósírplægs stjórnmálamanns, blæs hverjum löggjafa meir og minna í brjóst, að lifa samskonar lífi, stétt sinni og landi til sóma. Hreinskilinn verslunarmaður er vernd gegn svíkum í kaupum og sölu, vörn gegn lygum og táli, öðrum hvöt til orðheldni ogærlegheita. Öll þau lög, er eg hefi nefnt, eru aðeins jafn margir vegir, er menn fá lífað eftir og strá göfgandi áhrifum til gagns og þrisa. Á því hvílir hin eilísa endurnýjung og fágun andlega lífsins, að mannkynið lífi því lögmáli. Og spurningin sem mætir oss er því, hversu fáum vér komið því til vegar? Hvernig getum vér

örvað löngun manna til réttlætis og fullkomlegleika? Hvernig aukið hungrid og þorstann eftir réttlinu?

Linn vissasti vegurinn að gjöra það ekki, er að lisa einn út af fyrir sig. Jafnvel segulstálið tapar krafti ef það liggur ót- að. Það verður að vera síverkandi, draga að sér— og um leið segulmagna —annað járn eða stál. Sál mannsins er hið fniðu-legasta allra segulstála— en samt, missir hún allan mátt í ein-veru og iðjuleysi. Viðkvæmni hennar dofnar, áhuginn dvínar og að síðustu hættir hún að trúua því, að það sé þess vert að lisa nema fyrir eigin hagsbóta sakir. En sé maðurinn í samfélagi við aðra menn, íærlegri samvinnu til óeigingjarnra nota, opp- fræðist sameiginlega í hugsjónum þeim, er hreinsað og göfgað hafa mannlegt líf á liðnum öldum, og verið hafa, yfir allar aldir kristninnar, stjörnuljós himins, er lýst hefir vandsarna vegu, standi þeir saman hlið við hlið frammi fyrir guði og leggi fram sameiginlega krafta til að leysa úr ráðgátum þessa lífs, eykst honum líf og þróttur, og hann veitir öðrum einnig líf og þrótt. Sá er eyðir lífi sínu, eykur það. „Sá er týnir því, mun finna það.“ Og þetta er bæði tilgangur, og réttlæting fyrir tilveru þess félags óháðra kyrkna, er eingöngu treystir á, án milligregu nokkurra prestlegra höfðingja, eða bindandi trúarjátnir gá, þau réttlætis og síðfræðislög, er, eins og þau voru ekki tilbúin af mönnum, hvorki vaxa né þverra við lof þeirra eða last.

En þó álit eg, að langstærsti tilgangur og æðsta köllun trúar vorrar sé að skapa *bjargfasta trú á réttu máli* og opinbera ó-endanlega yfirgrípsmikinn sjóndeildarhring mannlegum anda. Í allri þessari hringiðu gamalla og nýrra heimsskoðana, úreltra og hneykslanlegra kenninga, er hugur manna á nú í höggi við, svo hann fái haldið heilbrigði sinni og skynsemd, jafnast ekert við það að færa menn til þekkingar á einhverju því er fullnægt fái kröfum mannlegrar löngunar og vonar. Það er mikil af synd og þjánungum í heiminum, brjálssemi er sprottin eraf auðnuleysi og óhamingu, er leitar frelsunar í dauða, viðurstygð ofnautnar og bölsýni er skapar kulda og kæruleysi fyrir óláni og rangsleitni lífsins; en það er alveg sama nú eins og áður hefir verið, engu meira, þegar ósamkvæmni trúar og þekkingar hefir náð sömu

hlutföllum. Strax og reyksla og þekking manna eru ordin langt á undan trúnni byrjar andlegt volaði. Þegar fals og hleypidómar koma í stað sannrar trúar kemur líka örvaðting og kvíði. En það er hlutskifti vort að hafa sannfæst um þá trúarskoðun er fylgist með nútíðar þekkingu og að líta guð starfandi í breytingu þessa eins og óttast hví ekki. Í því, að mér virðist, hefir líka trúarskoðun vor yfirlundi yfir þar trúarskoðanir þar sem mönnum finnst sér alls ekki óhatt í heimi guðs, nema þeir trúi á yfir-náttúrlæga hluti, kraftaverk, forsjón er tekur inn í rás viðburðanna eftir vild og án scístaks tilefnis edlilegra orsaka. Trú vor er nógu stór og yfirgrípsmikil til þess að vér getum samþykkt það, að guð stjórní þessum alheimi eftir eigin vild, og samt efast ekkert um ást hans til allra sína barna né vísdómsfullann tilgarg hans. Því laki við allar hans sýnilegu gjörðir finnum vér meðaumíkun og velvilja er engann undanskilur, og ekki oss, þá vér erum sjúkir, ógæfusamir og vegviltir. Meðaumkværdi tilgarg sem igildi er syriheiði um eilífa arfleifð. Til þess að læra að meta þenna sannleika, þurfum vér ekki annað en líta á mannlegt líf á sínu fullkomnasta og bezta stigi. Þá opinberast oss hinn ýtrasti, aðsti og segursti tilgangur guðs, með því. Þegar vér erum vér sjálfir, upp á það fullkomnasta, hversa öll þau takmörk er kreppa að tilfinningalífi voru hversdagslega. Á þeim stundum hafa spámennt og spekingar veraldarinna fengið allar símar opinberanir. Geislabrot eilífsdarinnar lýsir í huga vorum og oss verður þá sama um alt, takmarkað og tímanlegt, vér finnum engar skorður settar huga vorum, von, tilgangi guðs, mögulegleikanum með eilíft líf. Og það var með þessum tilfinningum að postulinn mikli hrópaði til þeirra í Korintuborg, „Allt er yðvart, hvort heldur það er Páll, eður Appollo, eður Kephas, eður heimur, eður líf, eður dauði, eður hið yfirstandandi eður hið tilkomandi.“ Í edli sínu trúir mannlegur hugur á eilíft og finnur eigin skyldleika við alt það varanlega.

Til forna, eins og þér munið, hrópaði einn hástöfum til lærisveina sinna, „Ó, þér trúarveikir!“ Hið sama gæti hann sagt við þá nú, er þrátt syrir það þótt þekking vor segi að

hvorki sé til upphaf né endir, geta samt látið sér hugkvænt að lífið taki enda, að sá tími sé til, er enginn hlutur verði framtíðar til. Vér búum hér á hnerti, er hreyfist um endalausan geim, og störum aðeins hálfssjáandi augum á leyndardóma og furið-sýnir himinhvolfsins, er æ verða undursanilegri eftir því sem ferðalagið lengir. Og hvergi er hin minsta bending, ekki ávænningur, að út fyrir verði farið tíma og rúm. Og sannlega er sá trúarveikur er heldur, að um leið og rökkrið fellur yfir þær „fimm gættir“ er vér horfum út um yfir heiminn, það gesi nokkuð annað til kynna, en asturbirtu, ljósmeiri dag en þann liðna. Þegar vér erum sem fyllilegast vér sjálfr, þráum vér samfélag við guð, að hafa hans sýslan með höndum, að hugsa og vinna í hans nafni, vera engu undirgefni nemá hans vilja, lúta engu öðru valdi, viðurkenna engann annan dómara. Allt annað verður tilgangs snautt.

Með þetta fyrir augum, þegar vér svo hittum fyrir lítinn hóp manna, skoðana frjálsa, er lært hafa að þekkja undirstöðulögnumál trúarbragðanna, og lært hafa að meta ævarandi gildi þess, svo að ekkert getur rift skoðun þeirra eða gint þá frá því, sem þeir vita að eru hin einu og nauðsynlegu skilyrði mannlegrar *welferðar*, hvort heldur andlega eða líkamlega, smáhópa manna, er standa stöðugir árið út og árið inn, þrátt fyrir hróp, hroka og óvild voldugra trúflokka, hlýtur maður að álita, að skoðanir þeirra hafi við söguleg rök, eða að minsta kosti forn-kristileg rök að styðjast, er þolað hafi og þola muni alla eldraun mannlegra ofsókna og mannlegra rannsókna. Merkur rit-höfundur segir, að Jesú hafi flutt þá stórkostlegustu ræðu er nokkru sinni hafi farið yfir mannlegar varir. En ræðan var aðeins nokkrar setningar að lengd. Það hefði mátt ætla, að Jesú hefði valið þann tíma til þess, er tilheyrendur hans hefði verið fjölmargir, eins og sandur við sjáfarmál, svo áriðandi var að allur heimur heyrði þann boðskap. Í þess stað var aðeins einn tilheyrandi, hvorki Grikkir né Gyðingur, heldur Samversk kona er var úrkast meðal sinnar eigin þjóðar. Hvílik áminning til manna, fyrir vantraust þeirra á sannleikanum. Hvílik áminning um kraft sannleikans að komast til viðurkenningar!

Sagan um opinberun alls þess sannleika er menn þekkja, sýnir að eitt fullvissu orð talað til eins manns, ber meiri ávexti en langar miðlunar ræður básuðar framan í almenningi. Ef vér segjum upphátt frá þeim sannleika, er oss hefir opinberast sem einstaklingum, meðum vér trúa því, að á sínum tíma kemst hann út á meðal fólksins. Ef vér gjörum vora skyldu þá gjörir guð sína. Ef vér sáum sæðinu, lætur guð og eðlislög mál hans það vaxa og bera ávöxt. Þær þrjár stórsyndir er fagnaðarboðskapur Jesú syrildæmir eru: Aurasýki, Eicingirni og Áhyggjur. Vér sem frjálstrúar menn skulum ekki gjöra oss seka um þar. Stórir og smáir, styrkir og veselir, þurfum vér ekki að kvíða, ekki bera áhyggjur. Séum vér trúir og áreiðanlegir vorri köllun, skilar öllu í land. Guð ber umhyggju syrir frjálsum kristindómi, ef vér töpum ekki áhuganum syrir hugsjónum þeim, sem hreyfa sér í hjarta voru.

En vét skulum minnast eins, að þjóðfélagið gengur til glötunat, eygi það ekkert út fyrir það hversdagslega. Engin mannlég stofnun er svo fullkominn, að hún fái viðhaldið réttlati, trúfesti, háttsemi, kærleika í það óendenlega, án þess hún auðgist að sannleika, hugsjónum og skilningi, en á því hvílir öll heimsins framför. En kyrkja vor á aðeins einn tilgang, þann, að veita viðtöku öllum þeim opinberunum, er borist fá milli þess stundlega og eilifa, mannlegu lífi til styrktar og þekkingar. Verjum því öllum þeim tíma, öllum þeim kröftum, er vér getum, því til fulltingis. Heimurinn er stór! Þess stærra er líka verkefnið, þess bjartari framtíðin, þess dýrðlegra verðkaupið, og þá öllu er lokið, þess sælli friðurinn. Ekki vér, heldur guð einn, afskamitar árangurinn, er frelsi og sannleikur leiða í ljós. Og hann skamtar ekkert smátt. Alheimurinn ber vott um það og innstu tilfinningar vorrar sálar.



## „Sjáiðmanninn“.

Menn eru á misnunandi menningærstigi og ólíkir að skoðnum. Oft er þó skoðanamunurinn lítil og stigsmunurinn meir fonyndaður en virkilegur. Það heldur margur að hann sé ólíkur öðrum mönnum, að síðferði, manukostum, þekkingu eð „einkægni hjartans“.

En menn eru ókunnagir hver öðrum, þekkjast ekki, þess vegna búa þessar skoðanir svo ríkt í margra huga.

Vér eru um ókunnugir vorum samferðamönnum, það er meit og einkenni þessara tíma. Samverkamennirnir, sem vér stríum með, búum með, setjunst til borðs með, heilsum á torginu, vér rétt þekkjum þá í sjón, vitum hvað þeir heita— en þekkjum þá alls ekki og þeir þekkja oss alls ekki. Viðkynningin er engin.

Vegna hvers er það?

Það er fyrst og fremst hefðin og vaninn, og svo hugarburðirinn, að aðrir menn séu ekki eins og vér. Fyrir 900 árum mátti spyrja framandi mann öllum spurningum Haraldar konungs og þótti engin ósvinna að. „Hver stýrir skipi? Hvar vorð pér? Hvar tókuð pér fyrst land? Hvar lágu pér í nótt?“

Síðan hefir kurteisin verið að smá falla af þessum spurningum. Þær þykja of nærgöngular, bera vott um að madur láti sig of mjög varða um annars hag. Nú er komið svo að prúdmennskan fyrirþur pér eða mér að spyrja hvern annan að heiti. Segjum sjálhír til nafns, það er gott og vel, en illa þykja þeir kunna sig er leggja það of mjög í vana.

Nú á dögum leitumst vér við að þekkja náttúruna hið ytra eftir því sem framast er aðild. Vér grófum oss langt ofan í jörðina, rétum í jarðlögunum, förum um fjöll og dali, skoðum vötn og læki, iður og strauma, fuglana í loftinu, fiskana í sjónum, reitum grasið af jörðinni, tætum það í sundur ögn fyrir ögn til þess að fá sem fullkomnasta þekkingu á vexti, tímgan og eðli þess, leitum dýranna þeirra tömdu og ótömdu, apanna og apakattanna, skoðum háttu þeirra og hagi, reynum jafnvæl að

nema mál þeirra og eiga tal við þá. Æn manninn sem með oss er á götunni, við blið voru í allri baráttunni, þekkjum vér ekki. Vér sjáum honum bregða til sorgar eða gleði, en hvað berst um í brjósti hans, veit enginn nema hann einn. Jafnvel voru vildustu vini þekkjum vér svo lítið að hver getur vænt annan ótrygðar og undirmála.

„Sjáid manninn.“ — Menn ættu að kynnast. Það er boðskapur sem þessi öld ætti að bera, kenning, er kyrkja þessara tíma ætti að flytja. En er það gjört? Ekki hefir það verið til skamns tíma.

Dr. Campbell höfundar „Nýju guðfræðinnar“ segir að Orþodox kyrkja hafi prédikað *dauðann og dóminn* en ekki *lífð og tilföldina*. Unitarar hafa sagt það sama löngu á undan Campbell, þess vegna skildu þeir sig við Orþodoxíuna. Æn það þykir aðgengilegra og sætara að taka það upp eftir „nýja spámanninum“, af því enn sem komið er heitir hann *ekkert* á kyrkjulega vísu. En látum það vera; Campbell og Unitarar hafa rétt fyrir sér í þessum efnum. Orþodoxian hefir upp til þessa tíma verið að kenna mönnum að þekkja dauðann og gröfinna, dómisdaginn og eilísfína, guð og Belsibul. Hún hefir um margar aldir verið að sýna þessar myndir. Þó eru menn litlu nær um þessa hluti.

Faðir Abraham hefir altaf synjað þrábeïðni ríka mannsins um að koma boðum til bræðra hans. Enginn hefir þaðan komið, engar raddir þaðan heyrst. Vér vitum ekki hót meira um land eilísfðarinnar en menn vissu á dögum Néa. Vér vitum að eins að grófin bindur enda á þjáningarnar hér, baráttuna, kappið, framgírnina og meta þrána. Cæsar deyr og verður að moldu. Napoleon, hugumstóri Napoleon! fellur til jarðar, eins og blöðin af trjánum; ekki breytir það gangi heimisins meira en það, og líkið hans hvílir stirðnað og kalt og hljótt í grófinni eins og líkið þitt eða mitt þegar stund vor er komin.

Petta vitum vér um grófinna.

Petta hefir ekki kyrkjan kent oss, heldur brota reynsla vor mannanna, og ef guðfræðin veit það, þá hefir hún orðið að læra það af oss.

Um dauðann vitum vér þetta, að hann tekur stundum meira en mannheimur má missa. Skáldið „hnígur undir önn eg töf, með öll sín beztu ljóð i gröf.“ „Varus! Varus! fá mér aftur legjónir mínar!“ Dauði, dauði, fá oss aftur legjónir vorar. Ungmenni eftir ungmenni, bliknar og kólnar á einni nótturn eins og brunun aðska, áðar en það fær tíma til að sýna heiminum nokkuð af töfrasýnum sinnar djúpu sálar. Mikil af vonum og tátum og þjáningum og óréttlæti, er aldrei var lagfært, feykir dauðinn á burt. Það er þokudrungi mannlífsins er birtir upp með frosti. Það eru fleiri sár sálar og hjarta en líkamleg sár, meiri andleg vesöld og eymd en líkamleg, er moldarskálf grafaranna hylur.

Þetta vitum vér um dauðan. Og sjón vor hefir sagt oss það, þá sjaldan vér höfum stjaldrað við á mannfélagstorginu og séð, hvérsu hönd skiftir við hendi, maður við mann; er séð höfum þá ótal mórgu, er dregist hafa aftur úr samsferðahópnum og standa nú einir á bersvæði,— glerbrot mannfélagsins, er tímans kvörn hefir mulið smátt.

Eins er varið þekkingu vorri á Guði og Belzibúl, því góða og illa. Myndasýning kyrkjunnar hefir ekki auðgað þar vort í myndunarað. Hværsu hefir líka ekki sú sýning verið? Mynd Belzibúls jafnast brugðið upp er sýna hefir átt guð! Prestastéttin orþodoxa hefir tæplega þekkt myndirnar. Eða getum vér sagt að kyrkján þekki sína guðsmýnd, er hún segir oss það hafi verið Satan er fyrstur flutti þekkingu síðalögþálsins sjálfs inn í heiminn? — Þekkingu á mismuni góðs og ills. Getum vér sagt hún þekki sinn Satan, er hún segir að guð hafi fyrstur lagt tálsnöru fyrir óvita manninn? Í þessum efnum hefir guðfræðin kent oss harðla lítið. Ef vér ekki finnum guð, þekkjum hann og könnumst við hann í sálum vorum og annara, tilfinningalífi voru og annara, þá þekkjum vér hann ekki.

Og um lífið fyrir handan gröf vitum vér jafnlítið og áður, hver verði bekkjarnautur vor þar, hvort það verði maðurinn er vér ekki vildum heilsa hér á jörð, eða sá er vér formæltuni, baktöludum eða ófrægðum; hvort það verði sá er vér höfðum af í kaupum og sölum, eða sá er vér seldom til dauða, eða fað-

ir sonarins er vér leiddum á glapstigu eða faðir dótturinnar er vér svívirtum. Hverjir verði sessunautar vorir þar, vitum vér ekki, en eins líklegt það verði þessir eins og hinir, er vér skriðum fyrir og kysstum á höndina á. Ekki víst vér fáum að vera þrælar sama konungs hinu megin og skipa hirðvist með honum. Því komi kyrkjan oss til hinina getur hún ekki sent alla hina til helv. oss til þægðar. Það er hægt að þægjast við ambátt drottins hér í heimi, en hún á lítinn mátt fyrir handan gröf. Hún getur skafð burt syndirnar hér, og hvítfagað klæðin, þótt klæðafaldurinn hafi nokkrum sinnum dregist ofan í. Hún getur það í sinni ágætu syndahreinsunar maskínu, sent sín ölduimenni og öldurkvendi af stað, hreingjörninganna þeytispjöld er flestum ná úr blettunum— og láta þá „segja upp söguna aftur, söguna þá í gær.“ Segja upp söguna aftur af glataða syninum, er endi öðru vísí en saga Jesú Krists, ekki að týndi sonurinn komi heim heldur útskúfi faðirinn honum alveg, leggi stund á sína eigin betrun, arfleiði heimasoninn er trú var sinni köllun og trú var sinni barnatrú. Segja söguna af Júdasi aftur:

Eitt sinni var maður er hét Júdas. Hann var samhaldssamur á silfurpeninga. Þegar hann dó arfleiddi hann kyrkjuna að þeim svo hún gæti keypt fyrir þá grafreit. Hann var góður maður, Júdas, og var þetta ekki fallegt.“ Segja söguna af manninum er fékk fingurmein og misti barnið sitt, af því hann gekk úr söfnuðinum!

Hreinsunin er góð, en hún nær ekki yfir um, af því hún nær ekki til karaktermanna. Hún strýkur yfir misfellur daglegs tómleika en ekki yfir misfellur karaktersins, en karakterinn illur eða góður, er það eina varanlega í manneðlinu, er hér eftir getur varað. Þekking vor á eilífðinni er þekking vor á mannlífinu sjálfu.

Petta vitum vér um eilífðina, og að hér á jörð er eilífð sumra hluta. Í þessari stundlegu eilífð, ef það mætti nefnast svo, er það sannleikurinn nakinn eða klæddur, er gefur ódauleika hugsunum, stefnum, gjörðum mannanna, öllum hlutum er hér geta lifað og ríkt. Mun ekki sama lögþarl ráða annarstaðar í tilverunnar heimi?

„Lærðu að þekkja mennina,” það ætti að vera einkunnar-  
orðin. Það er full nóg búið að syngja um náttúruna. Syngið  
um manniinn svo hann að minsta kosti verði yður eins kar og  
„hólar og holtin ber”. Ekki svo að skilja að viðleitni vor að  
kynnast þessum bústað vorum sé vítaverð. Fjarri fer það.  
Bezt væri að geta orðið svo fullnuma í því, að eins og guðinn  
norraði er heyrði gras spretta á jörðu, að vér gætum heyrí og  
aðgreint öldufall ljósvakans mikla, þá hann flytur til vor geisla-  
brotin handan úr eilífðarinnar geim. En lærist oss að heyrá  
svo vel, því þá ekki um leið að heyrá til andardráttar mann-  
anna?.... Er hann of ljótur til að ljá honum eyra? Er hann  
hryglu blandinn, fylgja honum stunni? Er það mannlegt líf er  
þannig lætur? Það var mannlegt hörmunga líf er hæst lét í,  
inni í skálanum á Stiklastað eftir bardagann. Menn aðtu ekki  
að gjöra það að gamanræðu að hátt láti í sárum konungsmanna.  
Konungmenni særast, sár þeirra eru oft banvænust og dýpst.  
Miklu heldur, ef andardráttur bónadans eða konungmannsins er  
stríður, þá ætti siðmenning og mannfélags kærleiki þessarar ald-  
ar að verða við bæn hvers þeirra sem væri og rétta þeim sval-  
andi vatnsdrykk í dauðastríðinu, bæðist þeir þess, og draga ör-  
ina úr síðu skáldsins svo hann fengi að deyja rótt. Yíði það  
að síðum, yrði lífið bjartara og dauðinn sælli. En það tekur  
meira en útdelingu brauðs, því ekki þjáist mannlífið af grassótt.



## Félagsmálin.

Á þessu komandi sumri aukast starfskráftar vorra Unítar-  
ísku félagsmála að mun, enda er full þörf á því. Enni sem  
komið er, hafa þeir mienn verið alt of fáir, er kringumstæða  
vegna, hafa getað gefið sig við útbreiðslu trúmála vorra, og á  
stundum alls engir, að frátoldum prestum safnaðanna að Gimli

og í Winnipeg. En trúar afstaða manna tekur þó sífeldum breytingum, og full þörf á fleiri starfsmönnum, því að frjálslyndi í skoðunum er að ná stöðugt meiri útbreiðslu, og ástæða til að ætla að það sé þó aðeins byrjun, enn sem komið er. Verk hinna fáu frumherja frjálstriðar skoðana, meðal ver, eru tæplega farin að bera þann árangur, er síðar mun betur koma í ljós. Þó er rýmkunar viðleitni kyrkjufélagsins íslenzka, lend- ing um það, hvað síðar muri verða.

Á þessu sumri útskrifast frá presteskóla Unítarar í Meadville Pennsylvania, Hr. Guðmundur Áinasen, og innan lítils tíma vonandi, tekur við prestslegu starfi meðal vor hér vestra. Unítariskum málum er hinn mesti sómi og vinningur að fá hann. Hann hefir reynst hinn allra nýtasti námsmaður, er í eðli sínu framkvæmda maður og mun reynast ágætasti talismaður skynsamlegra, heilbrigðra og frjálslyndra skoðana, verslegra og kyrkjulegra. Enn fremur eru tveir menn aðrir, Hr. Albert Kristjánsson og Hr. Sigurjón Jónasson, er nú þegar eru vel hálfnaðir með nám sitt við skólanum, og koma þeir að likindum hingað vestur í sumar, til að starfa að útbreiðslu Unítariskra mála. Báðir eru þeir hinir nýtestu menn. Albert, er þegar löngu þekktur fyrir afskiði sín af ýmsum félagsmálum verum hér megin, alkunnur raðumaður og eindreginn frelsisvinur. Þann síðar talda þekkja farri, því hann hefir enn þá aðeins dvalið skamma stund hér í landi, en vér vonum að menn fái að kynnast honum áður en lýkur.

### Nýr Söfnuður.

Nýr Unítariskur söfnuður hefir myndast vestur í Íslendinga byggðinni við Manitoba-vatn, á þessum vetri, er nefnir sig: „Hjð Unítariska félag Íslendinga við Manitoba-vatn.“ Á fundi er haldinn var Sunnud. 5. Marz, síðastl. í húsi Högna Guðmundssonar þar í byggð, voru samþykkt hin venjulegu Unítarisku safnaðarlög, og þeir sem þar voru staddir, rituðu flestir nöfn sín undir. Ekki voru þeir þar allir, er þegar hafa, sem einstaklingar, innskrifast í Unítariska kyrkjufélagið, en vér von-

um, að þeir muni ekki undan skorast að ganga í söfnuð þenna og hjálpa áfiam málefni hans í sinni heimabyggð. Á furdí þessum var samþykt að kaupa hús þar í byggðinni, er verið hafði skólahús Mary Hill skólahéraðs, er með litlum aðgjörðum og breytingum verður notað fyrir kyrkju framvegis. Fundurinn var í alla staði hinn ánægjulegasti, og létu ýmsir í ljósi velvilja sinn til þessara mála, þótt ýmsra orsaka vegna gæfi þeir ekki kost á að vera með í söfnuði, að svo komnu. Og er það ósk vor, að áður en langir tímar líða, sjái þeir sér fært að fylla hópinn. Enda er sú von vor ekki á engu byggð, því þá sjaldan að vér höfum sótt byggð þeirra heim, hafa menn yfirleitt tekið frjálslyndum málum mæta vel, sótt messur og á annan hátt styrkt erindi vor. Þeim hjónum, Högnu Guðmundssyni og konu hans, kunnum vér alúðar þakkir fyrir að ljá hús sitt til að halda þar stofnsetningar fund safnaðarins, og fyrir allar þeirra risnu við fundarmenn. Í safnaðarnefnd voru þessir kosnir: Jón Sigurðsson, Páll Reykdal, Guðm. Guðmundsson, Eiríkur Guðmundsson, Þorste. Jóhannsson, Björn Runólfsson Austmann og Sigurjón Jónsson. Þriðjudaginn næstan eftir hélt söfnuðurinn samkomu að Lundar samkomuhúsinu, til arðs fyrir hússjóðinn, var samkoman þar allvel sótt og skemtanir hinár beztu.

### Grunnavatns-byggðin

er einnig vel skipuð fólk er ber einlægan áhuga fyrir frjálslyndum málum. Þar hafa lausleg samtök verið í nokkur ár, til að halda uppi Unítariskum messum, þá kringumstæður hafa leyft, og vonum vér að þess verði ekki mjög langt að biða, að þeir komi á samskonar félagsmyndun hjá sér, og vestur-byggðin. Ekki svo að skilja, að ekki megi fullvel komast af með þau samtök er þegar hafa myndast, heldur vegna hins, að hitt er happadrýgra og haldbetra fyrir framtíðina.

„Með hálfum hleifi ok höllu keri fékk ek mér félaga,“ segir skáldið í Hávamálum, en það gefur til kynna um leið, að sá félagskapur hafi verið nauða haldlítill, og svo vill oft verða.

Það, að færri verði á blaði er til fullrar alvöru kemur, gjörir ekki svo mikið til. Það gjörir ekki svo mikið til, þó fáir séu samankomnir í nafni sannleikans séu þeir samankomnir í *hans* nafni, og ekki heldur svo víst, að þeir verði svo fáir. Vér hafi um von um að í Grunnavatns-byggðinni verði þeir margir.

### Winnipeg söfnuðurinn.

Seytjándi ársfundur Unítariska safnaðarins í Winnipeg, var haldinn í kyrkjuna safnaðarins, Sunnudagskvöldið 26. Janúar og haldið áfram 2. Febrúar. Á fundinum voru lesnar skýrslur yfir safnaðar starfsemina á árinu, kosnir embættismenn fyrir yfirstandandi ár og hlutu þessir kosningu: Skapti B. Brynjólfsson Friðrik Swanson, Magnús Pétursson, Hannes Pétursson, Eyjólfur Olson, (allir endurkosnir), Joseph B. Skaptason og Þorbergur Þorvaldsson. Eyjólfur Olson bað að hafa sig leystann frá nefndar starfi þetta ár og varð nefndin við tilmálum hans og valdi Gunnar J Guðmundsson í stað hans. Auk þess voru valdir tveir menn til að annast innheimtu fyrir allar samkomur safnaðarins og leita samskota við messugjörðir, Eggert Árnason og Hannes Pétursson.

Hagsskýrla safnaðarins sýndi, að fjárhagurinn er í allgóðu lagi, og að allar skuldir voru borgaðar, að undanteknu veðlani við Kyrkjubyggingarsjóð Ameriska Únítarafélagsins, er borganlegt er á 10 ára fresti, og enn er ekki fallið í gjalddaga. Má það gott heita, þegar tillit er tekið til alls þess tilkostnaðar, er söfnuðurinn fór í fyrir 3 árum síðan, með kyrkjubyggingu, er varð afar dýr.

Fjárhagsskýrlan er á þessa leið:

#### INNTEKTIR:

Í sjóði 1. Febr. 1907 . . . . .	\$ 100, 38.
Sunnud. samskot frá 1. Feb. 1907 til 26. Jan. '08 . . . . .	\$ 183, 30.
Gjafir til safnaðins frá félagsmönnum og öðrum . . . . .	\$ 638, 30.
Ágóði af samkomum . . . . .	\$ 112, 50.
Ágóði af greiðasölu við sýninguna sumarið 1907 . . . . .	\$ 343, 85.
Greið húsaleiga fyrir samkomusál kyrkjunnar . . . . .	\$ 438, 00.
<b>Samtals: . . . . .</b>	<b>\$ 1816, 33.</b>

## 2.

## UTGJÖLD:

Borgaðar útistandardi skuldir frá fyrra árinu .....	\$ 471, 40.
Borgað á vedlani kyrkjunnar .....	\$ 400, 00.
Borgað fyri hirdingu á kyrkjunnni og salnum .....	\$ 206, 91.
Organista laun .....	\$ 192, 00.
Skattur og eldsábyrgð .....	\$ 155, 80.
Borgað fyri lýsingu, vata og eldivið .....	\$ 105, 95.
Borgað í aðgjörðir .....	\$ 6, 50.
Tillug til A. U. A. ....	\$ 20, 00.
Tillug til „Heimis“ .....	\$ 10, 00.
Ýmislegar smáborganir .....	\$ 26, 60.
Í sjóði 1. Febrúar 1908 .....	<u>\$ 268, 11.</u>
Samtals: .....	<u>\$ 1816, 33.</u>

## JAFNAÐARREIKNINGUR.

## EIGNIR:

Kyrkjueignin eftir náver,	
landsöluverði í bænum, ... \$ 21250 00	
„Heimis“ prentsmiðjan ... \$ 500 00	
Orgel og bekkir o. s. frv. ... \$ 1115 00	
Bord og stólar í fundarsaln.	
Ijósauhöld o. s. frv. .... \$ 150 00	
Ógoldin búsal. 1. Feb. '08. \$ 78 50	
Í sjóði 1. Febr. .... <u>\$ 208 14</u>	
Samtals: ....	<u>\$ 23301 64</u>

## SKULDIR:

Vedlán á kyrkjunnni við Amer. Unitara Fél. ....	\$ 3900 00 <sup>b</sup>
Útist. skuldir óborgaðar ... \$	34 49
Eignir umfram skuldir ... <u>\$ 19667 45</u>	
Samtals: ....	<u>\$ 23301 64</u>

Við skýrslu þessa er það að athuga, að í jafnaðarreikningnum eru taldar allar þær eignir, er tilheyra Unitariskum málum hér í bænum, en eru ekki safnaðarins eign eins. „Heimis“ prentsmiðjan er eign eistakra manna, og eru sumir hluthafar félagsins alls ekki safnaðarmenn. Verða því eignir safnaðarins sjálfs, því lægri, er verðhað hennar nemur. Þá eru taldar eignir kvenfélagsins, í áhöldum kyrkjunnar, er ekki eru eiginlega safnaðar eign.

Á árinu hafa bæzt við 14 nýir meðlimir, en aftur hafa margir flutt í burtu, og enn fremur hafa 2 dáið. Af þeim burt fluttu, hafa 2 farið til Íslands, þau hjón Vilhjálmur og Jóhanna Olgeirsson. Einn til New-York borgar, Magnús Smith taflkappi, 10 vestur á Kyrrahafsströnd, þar á meðal Guðm. Anderson, einn af stofnendum þessa safnaðar; 2 til Foam-Lake bygð-

ar í Sask.; 2 til Argyle, og 3 til Nýja-Íslands. Þar á meðal þau hjón Árni og Sigurbjörg Þórðarson, er einnig vein stofneldur þessa safnaðar og beztu styrktarmenn. Væntanlega kemur sunnit af þessu fólkii til baka aftur, en hvar sem það verður, þá verður það frjálslyndum málum til styrktar og eslögur, er óvígast eiga of marga vini og vildarmenn.

### Menningarfélagið.

Félag þetta myndaðist haustið 1906, að tilhlutan nokkuria manna í Unítarasöfnuðinum. Orsökin til þess að félagið var myndað, var sú, að áskorun kom austan frá Boston, frá Dr. S. A. Eliot, forseta Ameríkanska Unítarafélagsins, til yngra fólkið í kyrkjunni hér, að ganga í félag, er að einhverju leyti gæti staðið í sambandi við alsherjar Ungm.félagið Unítariská í Ameríku. Nefnd var skipuð af söfnuðinum, til að sluga þetta mál, og var formaður þeirrar nefndar Skapti B. Brynjólfsson. Eftir að nefndin hafði slugað mélið nokkurn tíma, komist hún að þeirri niðurstöðu, að heppilegt væri, að félagið taki á sig það snið, að stefna félagsins yrði frekar í skenitandi og fræðandi átt, í almennum efnum, heldur en bundin nokkum sérstökum kyrkjulegum flokkum. Varð það því úr, að félagið var myndað, utanvert við alla kyrkjulokka, og tók sér þá einu stefnu-skrá, „að efla frjálslyndi og auka viðsýni.“ Grundvallarlög voru samin, og öllum leysð frjáls innganga, hverra skoðana sem væri, er undirgangast vildi stefnuskrá félagsins. Liktist félag þetta að mörgu leyti hinu gamla góðkunna Menningarfélagsi, er eitt sinn var í Dakota, og tók sér því nafn þess, sem réttborinn erfingi. Skapti B. Brynjólfsson, forseti gamla Menningarfélagsins, var kosinn forseti, og hefir hann verið það síðan.

Starfsár félagsins er frá 1. Okt. til 1. Júní, ár hvert, en fundarhlé yfir 4 sumarmánuðina. Fundi heldur það tvísvar í mánuði, annað og fjórða. Þriðjudagskveld hvers mánaðar, og hefir sá síður verið til þessa, að á hverjum fundi hefir erindi verið flutt um eitthvert mál, og umræður fylgt á eftir. Efni fyrirlestranna, er fluttir hafa verið síðan félagið myndaðist, er

þetta, yfir 1907: „Fegurðarhugsjónin“ (þróun hennar) Rögnv. Pétursson, „Exposition of Morality“ Stelán Thorson, „Íslenzkrar Sosialism“ Björn Pétursson, „Þorsteinn Erlingssen“ Rögnv. Pétursson, „Monism“: „Heimspeikskenningar Próf. Hackels“ Síra J. P. Sólmundsson, „Stephan G. Stephansson“ Kristján Stefánsson; „Jónas Hallgrímsson“, Páll J. Clements; „Rómantíkin á Englandi og Frakklandi í byrjun 19. aldar“, Miss Sophia F. Harold.

Það sem af er þessu ári, hafa þessi verið flutt: „Hagfræðisstefna Henry George“, Páll J. Clements; „Dr. Grímur Thomsen“, Rögnv. Pétursson; „Barátta“ (síðmennigarinnar), Skapti B. Brynjólfsson; „Egill Skallagrímsson“, Stefán Thorson; „Pantheism“, Friðrik Sveinson; „Ferðin til Íslands“ (lands- og verslunar-hagur þjóðarinnar o. s. frv.), Jóhannès Sigurbsson.

Félagsmenn eru af flestum skoðanaflokkum Íslendinga hér í bæ. Fundir hafa oftast verið vel sóttir og umræður fjörugar, enda hafa þar allir málfrelni, utanfélags og innan. Aðgangur að fundum hefir ætluð verið ókeypis, og bera félagsmenn þann kostnað er til hefur fallist, er nemur 75 c. árlegu gjaldi á mann.

Menningarfélagið er hið eina félag Íslendinga hér í bæ, er stýlar mönnum engar stjórnmáalegar eða kyrkjulegar játningar, enda er það eina félagið, er ekki er gróða, – eða pólitiskt- eða kyrkjulegt- félag, og virðist að því leyti, að vera ætti rúm fyrir eitt slíkt félag, innan um allan hinn grúann.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sínn, auk kápu og auglysinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

**ÖTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.**

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.